

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

#### *Nóatún 4.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 27. apríl 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi reits sunnan Borgartúns, milli Höfðatúns og Nóatúns frá 19. október 1973. Breytingin varðar viðbyggingu á lóðinni Nóatún 4.

Uppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Skógarás 12.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 11. maí 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frá 14. desember 1984. Farið er út fyrir byggingarreit á lóðinni Skógarási 12.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Uppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hvassaleitisskóli.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 25. ágúst 1998 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frá 3. desember 1957. Gerðar eru viðbyggingar við Hvassaleitisskóla.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Uppdrátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Reykjavík, 14. maí 1999.*

**Þorvaldur S. Þorvaldsson** skipulagsstjóri.

## AUGLÝSING

### ríkisskattstjóra nr. 8/1999 um álagningu samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt 1999.

#### *Frestun.*

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 98. gr. sömu laga, til að ljúka álagningu á skattaðila vegna tekna á árinu 1998 og eigna í lok þess árs og semja og leggja fram álagningarskrár.

Skattstjórar skulu hafa lokið umræddum verkefnum hjá einstaklingum eigi síðar en 30. júlí 1999 í stað 30. júní þ.á. Varðandi lögaðila sem skattskyldir eru skv. 2. eða 3. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu skattstjórar hafa lokið umræddum verkefnum.